

Fundur - 8. júní 2005

Ár 2005 þann 8. júní kom stjórn Barmahlíðar saman til fundar kl. 16:40. Mættir allir aðalmenn auk hjúkrunarforstjóra og sveitarstjóra er reit fundargerð.

- 1) Sveitarstjóri fór yfir fundargerð síðasta fundar.
- 2) Bréfaskipti sveitarstjóra og heilbrigðisráðuneytis um forgangsrétt sjúkraliða til starfa. Engar athugasemdir.
- 3) Bréfaskipti sveitarstjóra og yfirlæknis Barmahlíðar. Um er að ræða vistunar- og biðlistamál, þjónustuhóp aldraðra o.fl. Þessi mál hafa þokast í rétta átt og mun þjónustuhópur aldraðra koma saman í fyrsta sinn 10. júní nk., skv. upplýsingum hjúkrunarforstjóra. Enn fremur lagði hjúkrunarforstjóri fram biðlista eftir plássi í Barmahlíð, en á honum eru 8 nöfn.
- 4) Tilboð frá Mareind á Grundarfirði í nýtt bjöllukerfi í Barmahlíð. Fyrir liggur tilboð í bjöllukerfi fyrir 30 rúm og er það kr. 1.338.905,- m/vsk. fyrir utan vinnu. Ekki er talið tímabært að fara út í þetta að sinni.
- 5) “Sjálfstæð hjúkrunarstörf”, erindi frá félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; lagt fram til kynningar.
- 6) Hjúkrunarforstjóri lagði fram athugasemdir frá Vinnueftirlitinu frá 8. júní 2005. Einnig lyftuskoðun. Gerð er krafa um baðaðstöðu fyrir starfsfólk, gufugleypi yfir eldavél og að sett verði upp neyðaráætlun um rýmingu húsa á hættustund.

Ákveðið að kalla til menn frá Héðinn-Schindler út af lyftunni. Agli falið að kanna glufugleypismál.

- 7) Hjúkrunarforstjóri greindi frá því að keypt hefðu verið tvö ný hjúkrunarrúm fyrir samtals kr. 403.000,-

Fundi slitið kl. 19:15

*Gústaf Jökull Ólafsson (sign)*

*Björk Bárðardóttir (sign)*

*Egill Sigurgeirsson (sign)*

*Valgerður Baldursdóttir (sign)*

*Einar Örn Thorlacius (sign)*